

FILMUR OG VÉLAR S.F.

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 41 — SÍMI 20235.

EIGNANAUST HF.

SKIPHOLTI 5

SÍMAR 29555 OG 29558

OPIÐ KL. 1—5 LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA.

Baldursgata

2ja herb. ósamþykkt kjallaraíbúð, verð kr. 200.000,00.

Dvergabakki

3ja herb. 83 ferm íbúð á 3. hæð, mjög vönduð og góð eign, verð kr. 500.000,00.

Melgerði, Kóp.

3ja herb. 70 ferm risíbúð í tvíbýli, verð kr. 400.000,00.

Hörghlíð

Einstaklingsíbúð til sölu. Verð tilboð.

Hallveigarstígur

2ja herb. stór íbúð á jarðhæð, verð kr. 370.000,00.

Vesturberg

3ja herb. íbúð á jarðhæð, 83 ferm, verð 500.000,00.

Langholtsvegur

3ja herb. íbúð plús 1 herb. og eldhús í kjallara, möguleiki á þrem svefnh., í kjallara., skipti möguleg á 3ja herb. íbúð m/bílskúr, verð kr. 700.000,00.

Ljósheimar

3ja herb. íbúð á 4. hæð, 80 ferm, fæst helzt í skiptum fyrir sams konar eign með stórum stofum.

Leirubakki

4 herb. plús eitt herb. í kjallara, mjög fallegt tréverk, vönduð eign, verð kr. 700.000,00.

Lækjarkinn

3 svefnherbergi plús tvær samliggjandi stofur og 2 stór herbergi í kjallara, alls 120 ferm, bílskúr, verð kr. 780.000,00.

Kapaskjólsvegur

5 herb. íbúð á 4. hæð og í risi, alls 140 ferm, verð kr. 650.000,00.

Breiðás

5 herb. stór sérhæð, falleg ræktuð lóð, fagurt útsýni, bílskúrsréttur, verð kr. 700.000,00.

Háaleitisbraut

4ra herb. íbúð á 4. hæð, 117 ferm. plús bílskúr, hugsanlegt að taka tvær minni eignir upp í.

Álfheimar

4 herb. íbúð, 110 ferm, á 3. hæð, fæst í skiptum fyrir góða 3ja herb. íbúð.

Innri-Njarðvík

Einbýli, 127 ferm., tilboð óskast.

Bjarkartangi — Mosfellssveit

Sérhæð með bílskúr, 3 svefnherbergi, plús stórar stofur, samtals 150 ferm, verð kr. 700.000,00.

Esjugrund, Kjalarnesi

Sökklað að raðhúsi, allar teikningar fylgja, búið að greiða öll lóðargjöld. Verð 180.000,00.

Sandgerði

Einbýlishús, 140 ferm plús 50 ferm bílskúr, verð kr. 850.000,00.

Sandgerði

3ja herb. 110 ferm íbúð í tvíbýlishúsi, verð kr. 240.000,00.

Selfoss

Einbýlishús á 2 hæðum, stór bílskúr, verð kr. 600.000,00.

Skerfajörður

Höfum verið beðnir að útvega góða byggingarlóð fyrir mjög fjársterkan kaupanda.

Óskum eftir

3ja herb. íbúð á Grundunum Kópavogi eða Fossvogi, einbýlishúsi í gamla bænum, með bílskúr, einbýlishúsi eða góðri sérhæð í Kópavogi, sérhæð eða raðhúsi í Heima-hverfi, Langholti eða Laugarnesi.

**SKOÐUM OG METUM ÍBÚÐIR
SAMDÆGURS.**

**GÓÐ OG FLJÓT ÞJÓNUSTA
ER KJÖRORÐ OKKAR.**

**AUGLÝSUM ÁVALLT Í DAGBLAÐINU
Á ÞRIÐJUDÖGUM OG FIMMTUDÖGUM.**

EIGNANAUST,

ÞORVALDUR LÚÐVÍKSSON HRL.



„Ég er gift drykkjumanni. Ég hef hundrað sinnum, eða jafnvel oftar, staðið frammi fyrir þeirri freistingu að hreinlega ganga frá honum,” skrifar örvæntingarfull eiginkona ofdrykkjumanns.

Þess skal getið að mynd þessi er táknræn og ekki af þeim manni sem hér á hlut að máli.

Um sekt og hvar hún á heima:

Aðstæður sem leiða til ógæfuverka

— og afleiðingar örvæntingar

Bréf frá konu, sem af skiljanlegum ástæðum biður um nafnleysu.

Kona er dæmd í sextán ára fangelsi fyrir að ráða manni sínum bana með því að bera eld að honum sofandi. Fyrir utan að hafa orðið manni sínum að bana er konan talin hafa farið ógætlega með eld, sem hæglega hefði getað orðið öðru fólki að fjörtjóni.

Auðvitað á enginn að verða öðrum manni að bana hvorki með því að bera að honum eld eða á einhvern annan hátt. Það var víst ekki okkur mönnum gefið í upphafi að hafa vald og ráð á því hvenær annað fólk yfirgefur þennan volaða heim.

EN hvað liggur á bak við þetta ógæfuverk þessarar vesalings konu? Það er enginn sem talar um það. Hvað skyldi þessi vesalings maður hennar oft hafa „banað konu sinni” en bara í andlegum skilningi. Hve oft skyldi hann ekki hafa farið ógætlega með „eld” jafnvel svo að mætti verða öðru fólki að tjóni? Það er enginn sem talar um það.

Á margan hátt skil ég þessa vesalings konu mjög vel. Ég hef svo mikla samúð með henni að ég get ekki með nokkru móti komið orðum að því, og er ég ekki sú persóna sem er þekkt að því að verða orðfátt.

Þessi kona er ekki eina konan á Íslandi sem hefur þurft að búa við þessar aðstæður sem leiddu hana að lokum til ógæfuverks í örvæntingu. Því er ekki einhver sem grípur í taumana áður en svona er komið fyrir fólki? Af hverju eru ekki menn sem haga sér eins og manni skilst að þessi maður hafi gert teknir „úr umferð” áður en einhver verður til þess að koma þeim yfir í eilífðina með þessum hræðilegu afleiðingum?

Hvort er fórnarlambið?

Ég er gift drykkjumanni. Ég hef hundrað sinnum eða jafnvel oftar

staðið frammi fyrir þeirri freistingu að hreinlega ganga frá honum. Hundrað sinnum er kannski of oft, — en í það minnsta nokkrum sinnum en til allrar hamingju hefur mér tekist að stilla mig. — Ég er viss um að örvænting vesalings konunnar var slík daginn sem verknaðurinn var framinn að hún vissi ekki sitt rjúkandi ráð, jafnvel þótt hún hafi virzt vera „eðlileg”.

Ég er ekki von að hafa samúð með afbrotamönnum, en ég tel ekki að þessi kona sé afbrotamaður. Maðurinn sem hún „drap” var afbrotamaðurinn. Hann var sjálfur búinn að „drepa” konuna sína mörgum sinnum, svo ekki sé minnst á vesalings börnin.

Ég vorkenni svo þessari konu að ég veit ekki hvernig ég á að láta það í ljósi, ef það mætti verða henni til einhvers hugarlétis. En auðvitað getur ekki samúð einhverrar kerlingar úti í bæ orðið henni til hugarhægðar. Það getur ekkert orðið henni til hugarhægðar nokkurn tímann framar því hún á ekki lengur

neitt líf fyrir höndum. Sextán ára fangelsisdómurinn er sennilega barnaleikur á móti því að þurfa að bera með sér það sem drykkjumaðurinn fékk hana til þess að gera.

Ég spyr aftur: Hvers vegna eru svona drykkjusvolar, sem gera eiginkonur sínar meira og minna truflaðar á geðsmunum, ekki teknir úr umferð áður en af því hljótast voðaverk?

Kannski vegna þess að þrátt fyrir allt þá búum við enn í svolitlu karlrembupjóðfélagi. Það er ekki hróflað við þessum, ég leyfi mér, að segja, skepnun.

Þeir ljúga að okkur, — við vitum að þeir gera það, en við getum ekkert gert. Ef „allt er í lagi”, en það er nefnilega verið að reyna að hjálpa þessum svinum til þess að halda í sjálfsvirðingu sína löngu eftir að hún er rokin út í veður og vind, þá látum við eins og við trúum því sem þeir segja. Auðvitað getur líka hitzt svo á að það reynist rétt. En það veit ekki nokkur maður fyrr en hlutirnir hafa orðið.



Stutt og skýr bréf

Enn einu sinni minna lesendadálkar DB alla þá, er hyggjast senda þættinum línu, að láta fylgja fullt nafn, heimilisfang, símanúmer (ef um það er að ræða) og nafnnúmer. Þetta er lítil fyrirhöfn fyrir þá sem vilja okkar og til mikilla þæginda fyrir DB.

Lesendur eru jafnframt minntir á að bréf eiga að vera stutt og skýr. Áskilinn er fullur réttur til að stytta bréf og umórða til að spara rúm og koma efni betur til skila. Bréf ættu helzt ekki að vera lengri en 200—300 orð.

Símatími lesendadálka DB er milli kl. 13 og 15 frá mánudögum til föstudaga.